Umbótaáætlun í kjölfar niðurstaðna ytra mats á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag						
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.						
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.						
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	Skólanefnd og foreldraráð þarf hvoru tveggja að virkja betur sem samráðs- og tillöguvettvang.	Fundum skólanefndar hefur verið fjölgað í a.m.k. fjóra á skólaári. Nýju starfi tengiliðar við foreldraráð var komið á haustönn 2016, fréttabréf til foreldra er gefið út einu sinni á önn.	Skólameistari, formaður skólanefndar og formaður foreldraráðs.	Haustönn 2016	Er í gangi	Fundargerðir og fréttabréf
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.						
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.						
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	Ágreiningur er í starfsmannahópi FVA um faglega forystu skólameistara.	Meðal þeirra nýjunga sem skólameistari hefur beitt sér fyrir eru: Miðannarmat, vinnuhópar um	Skólameistari	Vorönn 2015	Er í gangi	Fundargerðir, kannanir

		endurskoðun námsmats og fjölbreytta kennsluhætti, gæðaráð, gæðahandbók, nýjar námsbrautir og svið, fagleg fræðsla til starfsmanna. Starfsmannastefna, jafnréttisstefna, heilsu- og forvarnastefna, gildi skólans, útkomumiðaðar starfslýsingar, frammistöðumat og starfsþróunaráætlanir. Fundum með deildum og deildarstjórum hefur verið fjölgað.				
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	FVA kemur illa út úr könnuninni Stofnun ársins 2017.	Vert er að benda á í þessu samhengi að meðaltöl sýna aðeins takmarkaða mynd af dreifingu svara innan hvers þáttar. Lítill eða meiri munur getur verið á viðhorfi svarenda. Mikill munur reynist vera á svörun starfsmanna FVA, þ.e. staðalfrávik				

		var hátt (svör röðuðust við jaðrana - ýmist mjög hátt eða mjög lágt). Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltals viðhorfið en þegar staðalfrávikið er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.				
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.						
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.						

10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.						
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	Endurskoða þarf skipurit skólans og laga það að raunverulegri ábyrgðar- og verkaskiptingu allra aðila sem í því eiga að vera.	Gert verður nýtt skipurit.	Skólameistari	Haustönn 2017	Vorönn 2018	Heimasíða skólans og ársskýrsla
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.						
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.						
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til að nota við innra mat.						
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	Reglubundið sjálfsmat í FVA hefur liðið fyrir átök innan skólans síðustu misseri.	Verið er að ljúka sjálfsmatsskýrslu fyrir árið 2016 og innleiða nýtt sjálfsmatskerfi samkvæmt „Leiðbeiningum um innra mat framhaldsskóla“ fyrir 2017.	Skólameistari	Haustönn 2017	Vorönn 2018	Skýrslur um innra mat
16. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	Gæta þarf þess að stjórnendur sitji ekki beggja vegna borðs þegar kemur að sjálfsmati og greiningu á niðurstöðum þess.	Stofnað var gæðaráð til að fá fleiri að borðinu. Vinna við gæðamælikvarða er í gangi. Kennari var ráðinn í hlutastarf á haustönn 2016 til að	Skólameistari	Haustönn 2016	Er í gangi	Gæðahandbók

		sinna innra mati. Verksvið þessa aðila hefur verið útvíkkað á haustönn 2017 til að koma frekar að greiningu á niðurstöðum þess.				
17. Líðan nemenda er markvisst könnuð.						
18. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.						
19. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.						
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð						
20. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.						
21. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	Ófullnægjandi gögn eru um kennsluhætti og námsmat.	Allar námsáætlanir eru settar í námskerfi Innu og á heimasíðu skólans. Samræmt form námsáætlana var sett í gang á haustönn 2017. Bætt verður við dálki fyrir kennsluhætti á vorönn 2018.	Aðstoðarskóla meistari	Haust 2017	Vorönn 2018	Inna og heimasíða skólans
22. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við						

ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.						
23. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.						
24. Kennsluhættir hvetja til virkjar þátttöku nemenda í kennslustundum.						
25. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.						
26. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.						
27. Góður vinnufriður er í kennslustundum.						
28. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.						
29. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	Skrá þarf allar verknámsbrautir í námskrárgrunn.	Allar brautir verða komnar í námskrárgrunn fyrir 1. nóv. 2017	Skólameistari		1. nóv. 2017	Námskrárgrunnur
30. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.						
31. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.						

32. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.	Ræða þarf skipulega um námsmat innan skóla með það að markmiði að setja honum ákveðna námsmatsstefnu. Samræma þarf framkvæmd sleppikerfis við námsmat.	Vinnuhópur um breytt og fjölbreytt námsmat var að störfum á síðasta ári sem leiddi m.a. til breytinga á stokkatöflu og námsmatsfyrirkomula gi, þ.m.t. sleppikerfi. Áframhald verður á þeirri vinnu á haustönn 2017. Fræðslufyrirlestur og vinnustofur hafa verið haldnar vegna þessa.	Stjórnendur	Haustönn 2016	Er í gangi	Skólanámskrá, skóladagatal
33. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.						
34. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	Hvatningu til endurmenntunar og nýbreytni í starfi þarf að auka og sama er um endurgjöf á kennslu frá samkennurum eða matsaðilum.	Ný starfsmannastefna var kynnt á haustönn 2016. Vinna við starfsþróunaráætlanir verður sett af stað á vorönn 2018. Vinnu við frammistöðumat er að ljúka. Í skoðun er matskerfi fyrir jafningjamat.	Skólameistari		Er í gangi	Gæðahandbók, starfsmannastefna, útkomumiðaðar starfslýsingar og frammistöðumat.
35. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.						
36. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá						

öðrum kennurum eða matsaðilum.						
37. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.						
38. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.						
39. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.						
40. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	Úrbætur á aðstöðu málmiðnaðardeildar eru knýjandi.	Á vorönn 2017 var fjárfest í tveimur nýjum vélum í málmiðnaðardeild auk þess sem húsnæði deildarinnar var málað og gólf tekin í gegn. Áframhaldandi endurnýjun á tækjabúnaði er í gangi. Á haustönn 2017 var gengið frá kaupum þriðja tækis.	Skólameistari	Haustönn 2016	Er í gangi	Sjá húsnæði
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.						
42. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars						

safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.						
Þáttur 3: Samskipti og líðan						
	Draga þarf úr árekstrum í stundatöflu.	Einhverjir árekstrar hafa skapast vegna nemenda sem eru að útskrifast og þurfa fleiri einingar í töflu og nemenda í iðn- og verknámi vegna þarfar á samfellu í stundatöflu fyrir verklegar greinar eða þá að þeir hafa orðið eftir á í einhverjum greinum. Á haustönn 2017 var tekin upp ný stokkatafla sem hefur enn dregið úr árekstrum.	Áfangastjóri		Er í gangi	Listi yfir árekstra í Innu
	Leita þarf leiða til þess að bæta mætingar nemenda.	Stuðningsteymi fer vikulega yfir mætingar nemenda og skiptir með sér verkum eftir atvikum. Í stuðningsteymi eru aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, náms- og starfsráðgjafar og skólahjúkrunarfræðingur. Skólinn verðlaunar góða mætingu með	Skólameistari		Er í gangi	Mætingar í Innu

		einingum. Námsmatskerfi margra áfanga er hvetjandi til betri mætinga.				
43. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	Vinna þarf að auknum og bættum samskiptum meðal starfsmanna.	KOSS, starfsmannafélag kennara og starfsmanna FVA, hefur verið eflt og hefur félagið staðið fyrir reglubundnum skemmtunum. Fyrirlesarar hafa verið fengnir til að fjalla um þessi mál.	Stjórnendur og aðrir starfsmenn		Er í gangi	Starfsáætlun KOSS og fundargerðir starfmannafunda
44. Nemendum líður vel í skólanum.	Greina þarf ástæður þess að allstórum hópi nemenda líður ekki vel í skólanum og leita leiða til úrbóta.	Samkvæmt Skólapúlsi er líðan nemenda FVA nokkuð betri en annarra framhaldsskóla sem tóku þátt í könnunni. Í skólanum eru starfandi þrír náms- og starfsráðgjafar, einn þeirra er einnig skólafélagsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og forvarnafulltrúi. Greina má nánar ástæður vanlíðunar með árlegri brotthvarfsskimun og verður það gert.	Stjórnendur og stuðningsteymi		Er í gangi	Skólapúlsinn

45. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.						
46. Góður andi ríkir í skólastofunni.	Kennarar þurfa að auka við persónulega endurgjöf til nemenda sinna.	Haldnir hafa verið fyrirlestrar og vinnustofur þar sem m.a. hefur verið fjallað um leiðsagnarmat. Vinnuhópur hefur verið starfandi um bætt og fjölbreytt námsmat og tekið hefur verið upp miðannarmat með möguleika á umsögn. Komið hefur verið á föstum viðtalstímum kennara í stundatöflum.	Kennarar		Er í gangi	Kennslukannanir
47. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu						
48. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	Reglur þarf að gera nemendamiðaðri.	Skólanámskrá verður endurskoðuð á vorönn 2018, þ.m.t. skólareglur.	Stjórnendur		Vorönn 2018	Útgefin skólanámskrá
49. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.						
50. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.						

51. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	Mikilvægt er að styðja og styrkja félagsstarf nemenda eftir því sem kostur er.	Tveir félagslífs- og forvarnafulltrúar eru að störfum við skólann frá vorönn 2017.	Stjórnendur og félagslífs- og forvarnafulltrúar		Er í gangi	Skólapúlsinn
52. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.						
53. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.						
54. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.						
55. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.	Efla þarf foreldrafélagið og virkja það til frekara samstarfs.	Ráðinn hefur verið tengiliður skólans við foreldra og foreldraráð. Fulltrúi foreldra situr í skólanefnd og stýrihópi um heilsueflingu.	Foreldraráð og stjórnendur	Haustönn 2016	Er í gangi	Ársskýrsla foreldraráðs
56. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	Koma þarf á formlegri samræðu á milli FVA og grunnskólanna á Akranesi með það fyrir augum að greiða nemendum leið á milli skólastiganna tveggja. Koma þarf á skipulegum samskiptum á milli kennara í grunnskólunum á Akranesi og í FVA með það að markmiði að samhæfa áherslur og auka samfellu	Á síðasta ári hófst aukið formlegt samstarf við grunnskólana á Akranesi. Fundir stjórnenda skólanna hafa verið haldnir reglulega. Sameiginlegur fundur allra kennara var haldinn í maí 2017. Deildafundir hafa verið skipulagðir og hafa	Skólastjórnendur grunn- og framhaldsskóla á Akranesi	Vorönn 2017	Er í gangi	

	innan einstakra námsgreina.	þegar verið haldnir tveir fundir.				
57. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.						
58. Skráð og virk tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.						
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður						
59. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	Rýmka þarf um rafiðnaðinn.	Fjölgað hefur verið um eina kennslustofu í rafiðnaðardeild með því að færa FabLab smiðju annað.	Skólameistari og umsjónarmaður húsnæðis			
60. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	Ganga þarf frá lóð skólans og gera hana meira aðlaðandi.	Er komið á forgangslista Fasteigna ríkisins. Lóð var fegruð fyrir 40 ára afmælishátíð skólans	Skólameistari og umsjónarmaður húsnæðis			
61. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	FVA á hvorki eigið íþróttahús né hefur neina líkamsræktaraðstöðu innan skólans. Ástæða er til þess að huga að því að taka rými undir slíka aðstöðu sem nýst getur bæði nemendum og starfsfólki.	Skólinn leigir íþróttahús af Akraneskaupstað þannig að möguleikar til að halda úti ,,hefðbundnum skólaíþróttum“ eru góðir og öll íþróttaaðstaða til fyrirmyndar. Hvað starfsmenn varðar, þá eiga þeir einnig greiðan aðgang að				

		íþróttaaðstöðu Akraneskaupstaðar, sem er ein sú besta á landinu.				
62. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.						
63. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.						
64. Skólinn hefur fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.						
65. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	Bæta þarf netsamband á heimavist. Ástæða er til þess að ræða stefnu skólans í upplýsinga- og tölvumálum með það að markmiði að draga úr þeim sameiginlega tækjabúnaði sem ætlaður er nemendum.	Ekki er hægt að tryggja fullnægjandi netsamband á allri heimavist nema með miklum tilkostnaði vegna byggingareiginleika hússins. Það eru 8 endaherbergi þar sem netsamband er óviðunandi. Búið er að gera sameiginlega setustofu fyrir nemendur og tryggja þar inni gott netsamband. Búið er að setja fastlínutengingu í nokkur herbergi þannig að nemendur	Skólameistari og umsjónarmaður tölvukerfis			

		geta tengt sig með snúru. Hvergi annars staðar í skólabyggingunni er lagt eins mikið í þráðlausan netbúnað og á heimavist. Varðandi stefnu skólans í upplýsinga- og tölvumálum þá höfðu ýmis eignakaup legið niðri vegna slæmrar fjárhagsstöðu og var því hafið átak í kaupum á nauðsynlegum búnaði. Tölvustofur hafa verið endurnýjaðar og fjárfest verður í fleiri nýjum tölvum í tölvuveri, rafiðnaðardeild og skapandi rými.				
Þáttur 5: Lykilárangur						
66. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	Skólinn þarf að setja sér skilgreind markmið um brautskráningarhlutfall og ásættanlegar framfarir í námi.	Er í vinnslu hjá gæðaráði.	Skólameistari	Haustönn 2016	Er í gangi, gerum ráð fyrir að þessi vinna standi í a.m.k. 3 ár.	Gæðahandbók
67. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.						

68. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.						
69. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	Vinna þarf að gæðamælikvörðum sem taka til þess hversu vel tekst að vinna með grunnþætti menntunar í daglegu skólastarfi.	Er í vinnslu hjá gæðaráði.	Skólameistari	Haustönn 2016	Er í gangi, gerum ráð fyrir að þessi vinna standi í a.m.k. 3 ár.	Gæðahandbók
70. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	- „ -					
71. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	- „ -					
72. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	- „ -					
73. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	- „ -					
74. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	- „ -					
75. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.	Afla þarf upplýsinga um raunverulegt gengi brautskráðra nemenda á næsta skólastigi og í atvinnulífi.	Búið er að gera fyrstu könnun meðal útskrifaðra nemenda og stefnt er að gera þær þriðja hvert ár.	Stjórnendur og gæðaráð	Vorönn 2017	Er í gangi	Skýrsla um innra mat
76. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.						

77. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.						